

# Pollamót Samskipa 2021

## KEPPNISFYRIRKOMULAG Í DEILDUM

### Ljónynjudeild

Fjöldi liða: 2

Liðin spila í Dömudeildinni, en mætast síðan í sérstökum úrslitaleik sín á milli í lok móts.

### Dömudeild

Fjöldi liða: 7+2

Tveir riðlar (5+4)

Fjöldi leikja á hvert lið: 5-7

Ljónynjuliðin spila í riðlum Dömudeildarinnar. Að lokinni keppni í riðlum fara liðin sjö í Dömudeildinni í úrslitakeppni. Liðið sem vinnur fimm liða riðilinn fer beint í undanúrslit.

### Skvísudeild

Fjöldi liða: 8

Fjöldi leikja: 6

Spilað í tveimur fjögurra liða riðlum. Öll liðin fara áfram í útsláttarkeppni (A1vB4, A2vB3, A3vB2, A4vB1). Lið sem tapa í átta liða úrslitum spila áfram um sæti.

### Öðlingadeild

Fjöldi liða: 6

Fjöldi leikja á hvert lið: 6

Liðin spila innbyrðis í einum riðli (5 leikir). Að því loknu mætast liðin í 1. og 2. sæti í úrslitaleik, næstu tvö spila um bronsið og tvö neðstu liðin leika um 5. sætið.

### Lávarðadeild

Fjöldi liða: 5

Fjöldi leikja á hvert lið: 5-6

Liðin spila innbyrðis í einni deild. Að henni lokinni mætast liðin í 4. og 5. sæti og fer sigurliðið í undanúrslit. Í undanúrslitum mætast 1 v (4/5) og 2 v 3. Sigurliðin leika um gullið, tapliðin um brons. Liðin sem tapa leikjum í útsláttarkeppninni mætast í leikjum um sæti.

### Jarladeild

Fjöldi liða: 14

Fjöldi leikja: 6-8

Tveir sjö liða riðlar. Tvö lið úr hvorum riðli fara í undanúrslit.

### Polladeild

Fjöldi liða: 20

Fjöldi leikja á hvert lið: 5-9

Fjórir riðlar, fimm lið í riðli. Fjögur efstu úr hverjum riðli fara í 16 liða úrslit. Neðstu lið riðlanna mætast í aukaleikjum.

## Í öllum deildum:

Verði lið jöfn að stigum í riðli/deild raðast þau samkvæmt eftirfarandi, sbr. mótareglur KSÍ:

1) Markamismunur. 2) Fjöldi skoraðra marka. 3) Innbyrðis leikur.